




Verðmerkingar

Í reglum nr. 825/2008 er kveðið á um að verðmerkja skuli hverja pakkningu eða sölueiningu og að verðið skuli vera annaðhvort á vörunni sjálfri eða við hana. Mjög mikilvægt er þegar verð er gefið upp á hillu, að það sé greinilegt til hvaða vöru verðmerkingin vísar. Hið sama á einnig við um vörur í sýningargluggum. Reglurnar taka til allra vara sem seldar eru neytendum og til allra verslana.

Ástæðan fyrir því að svo mikilvægt er að verð sé á vörunni sjálfri eða við hana er að einungis þannig geta neytendur auðveldlega áttað sig á samhenginu á milli vöru og verðs. Þannig verður verðmerking á hillu alltaf að vera alveg við vöruna og eins nálægt henni og mögulegt er.


Í reglunum um verðmerkingar er einnig gerð sú almenna krafa til þjónustufyrirtækis að það hafi uppi skýra verðskrá eða skilti með verði á allri þjónustu sem fyrirtækið veitir. Slíkar verðupplýsingar eiga að vera hjá afgreiðslukassa eða á öðrum áberandi stað þar sem þjónustan er veitt. Þjónustufyrirtæki verða, eftir því sem við verður komið, að hafa verðskrá við inngöngudyr þar sem gefið er upp verð á algengustu þjónustu sem er á boðstólum. Þetta á t.d. við um veitingahús.



Nýjar vogir og löggilding?



þarf að löggilda nýja vog? Taka má nýja vog, sem hefur CE- og M-merki, í notkun án löggildingar, uppfylli hún ákveðin skilyrði og sé tilbúin til notkunar frá söluaðila. Vog á að bera merki Neytendastofu, þar sem sést hvenær fyrsta löggilding á að fara fram. Þetta er gert til glöggvunar fyrir neytendur, þá sem annast eða hafa eftirlit með vogninni. Eigandi vogar ber ábyrgð á réttum merkingum hennar. Sé um nýja vog er að ræða er miðað við að seljandi vogar veiti þá þjónustu að festa miðann á. Neðra ártalið á honum er árið við CE eða M merkið að viðbættum tveimur árum. Vog með ártalið 2010 merkist þannig „Löggildist fyrir lok: 2012“.



Tæknilegar tilkynningar

Eitt af meginatriðum EES-samningsins eru frjáls vöruviðskipti milli ríkja. Ýmsar hindranir geta þó staðið í vegi fyrir milliríkjavíðskiptum, s.s. að hvert land hafi mismunandi reglur. Þannig tæknilegar hindranir gera fyrirtækjum erfiðara að selja vörur sínar til annarra landa.

Til þess að auðvelda viðskipti milli landa starfrækir Evrópusambandið sérstakt tilkynningakerfi sem EES-ríkin nota til að tilkynna um tæknilegar reglur áður en þær eru settar. Stjórnvöldum annarra ríkja og framkvæmdastjórn ESB gefst þannig tækifæri á að gera athugasemdir við reglurnar áður en þær taka gildi ef þau telja að reglurnar geti valdið viðskiptahindrunum. Ef stjórnvöld setja tæknilegar reglur án þess að hafa tilkynnt um þær teljast reglurnar vera ógildar og ekki er hægt að beita þeim.

Neytendastofa fylgist með tæknilegum tilkynningum sem berast frá öðrum EES-löndum og flokkar þær og dreifir til viðeigandi stjórnvalda hér á landi. Fjöldi tilkynninga á árinu 2009 frá ESB var 739 og Neytendastofu berast að jafnaði 12-14 tilkynningar í hverri viku. Tilkynnt er um reglur á ýmsum sviðum en flestar tilkynningar eru á sviði landbúnaðar, fiskveiða, matvæla og fjarskipta.

Neytendastofa annast einnig undirbúning að tilkynningum frá íslenskum stjórnvöldum þegar fyrirhugað er að setja tæknilegar reglur hér á landi. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gagnrýnt hversu fáar tilkynningar berast frá Íslandi miðað við heildarfjölda laga og reglugerða sem samþykkt eru hér á landi á hverju ári. Yfirleitt eru sendar 2-5 tilkynningar árlega en ætla má að fjöldi tæknilegra reglna sé mun fleiri. Dæmi um reglur sem hafa verið tilkynntar má nefna reglur um lyf og eftirlit með mælitækjum.

Höfundur er lögfræðingur á Stjórnsýslusviði